



Starfsáætlun Barnaskólans í Reykjavík

2024- 2025



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Efnisyfirlit

1.	Inngangur	4
2.	Stefna skólans/stefnukort	4
2.1.	Meginreglur Hjallastefnunnar	5
2.2.	Aðalnámskrá grunnskóla og kynjanámskrá Hjallastefnunnar.....	5
2.3.	Lotur kynjanámskrárinnar	7
3.	Stjórnskipulag skólans	8
4.	Skólaráð.....	8
4.1.	Verkefnaskrá skólaráðs.....	9
5.	Mannauður.....	9
5.1.	Mannauðsstefna.....	9
5.2.	Fagmennska starfsfólks	10
5.3.	Ábyrgð og skyldur starfsfólks.....	11
5.4.	Verksvið starfsfólks.....	11
5.5.	Trúnaðarfólk	14
5.6.	Símenntun starfsfólks/starfsþróun.....	14
6.	Skipulag skólaársins.....	15
6.1.	Skóladagatal	15
6.2.	Skóladagar	15
6.3.	Kennsludagar	16
6.4.	Prófadagar	16
6.5.	Vettvangsferðir.....	16
6.6.	Foreldraviðtöl	17
7.	Skipulag kennslu	17
7.1.	Stundarskrár	17
7.2.	Skipulag	17
8.	Nemendur með annað móðurmál en íslensku	18
8.1.	Móttökuáætlun	18
8.2.	Íslenska sem annað mál.....	19
9.	Náms- og kennsluáætlanir.....	19
9.1.	Náms- og kennsluáætlun - 1. Bekkur.....	19
9.2.	Náms- og kennsluáætlun - 2. bekkur.....	20
	https://bskrvk.hjalli.is/Skolastarfid/Skolanamskra	20
9.3.	Náms- og kennsluáætlun - 3. bekkur.....	20
	https://bskrvk.hjalli.is/Skolastarfid/Skolanamskra	20

9.4.	Náms- og kennsluáætlun - 4. bekkur.....	20
	https://bskrvk.hjalli.is/Skolastarfid/Skolanamskra	20
9.5.	Náms- og kennsluáætlun - 5. bekkur.....	20
	https://bskrvk.hjalli.is/Skolastarfid/Skolanamskra	20
9.6.	Náms- og kennsluáætlun - 6. bekkur.....	20
	https://bskrvk.hjalli.is/Skolastarfid/Skolanamskra	20
9.7.	Náms- og kennsluáætlun - 7. Bekkur.....	20
9.8.	Stefna skólans í heimanámi	20
10.	Mat á skólastarfi.....	20
10.1.	Áætlun um innra mat fyrir skólaárið	21
10.2.	Ytra mat á skólanum.....	21
10.3.	Umbótaáætlanir skólans	21
11.	Foreldrafélag Barnaskólans og foreldrasamstarf.....	21
11.1.	Stefna skóla í foreldrasamstarfi.....	21
11.2.	Foreldrafélag	22
11.3.	Nöfn og netföng stjórnar foreldrafélags.....	23
11.4.	Kynning, lög og starfsreglur	23
11.5.	Verkefnaskrá.....	23
11.6.	Bekkjarfulltrúar og bekkjarstarf.....	24
11.7.	Nöfn og netföng kjarnafulltrúa	24
11.8.	Viðburðir á vegum bekkjarfulltrúa og foreldrafélags	25
12.	Nemendafélag Barnaskólans	25
12.1.	Stjórn nemendafélagsins veturinn 2024-2025	26
12.2.	Viðburðir og hefðir í félagsstarfi	26
13.	Skólamenning	26
13.1.	Skólareglur og skólabragur	26
13.2.	Stefna í agamálum	28
13.3.	Viðurlög við brotum á skólareglum	28
14.	Hagnýtar upplýsingar um skólastarfið	28
14.1.	Bókasafn/Tölvuver	29
14.2.	Mötuneyti	29
15.	Stoðþjónusta	29
15.1.	Einstaklingsnámskrá/einstaklingsáætlun og námsver	29
15.2.	Náms- og starfsráðgjöf	30
15.3.	Farsæld barna – Innleiðing nýrra farsældarlaga	30

15.4.	Tengiliður farsældar	30
15.5.	Þjónustumiðstöð	31
15.6.	Skólaheilsugæsla/viðvera hjúkrunarfræðings	31
15.7.	Heildaráætlun um stuðning í námi og kennslu	32
15.8.	Sérfræðiþjónusta	32
15.9.	Sérúrræði	33
16.	Nemendaverndarráð	33
16.1.	Hlutverk	33
16.2.	Starfsreglur	33
17.	Tómstundarstarf	34
18.	Ýmsar áætlanir og reglur	34
18.1.	Útgefið efni frá Hjallastefnunni	34
18.2.	Eineltisáætlun	34
18.3.	Símenntunaráætlun	34
18.4.	Rýmingaráætlun	34
18.5.	Viðbragðsáætlun Almanna- og barnamála	34
18.6.	Reglur um kynningar, auglýsingar og gjafir í skóla- og frístundastarfi	34
18.7.	Tilfærsluáætlun	35
18.8.	Upplýsingar um tryggingar vegna slysa og óhappa	35
18.9.	Þróunarverkefni	35
18.10.	Umbótaáætlun	35
18.11.	Röskun á skólastarfi – Viðbrögð við óveðri	35
18.12.	Móttökuáætlun vegna barna með íslensku sem annað tungumál	35
18.13.	Læsisstefna	35
18.14.	Móttökuáætlun fyrir nýja nemendur	36
18.15.	Jafnréttisáætlun	36
18.16.	Áfallaáætlun	36
18.17.	Handbók um velferð og öryggi barna í grunnskólum	36

Starfsáætlun

1. Inngangur

Samkvæmt 29. gr. Grunnskólalaga ber hverjum grunnskóla að gefa út skólanámskrá og starfsáætlun. Skólastjóri er ábyrgur fyrir þeirri vinnu og skulu þær samdar í samráði við kennara. Starfsáætlun breytist árlega og er meðal annars gerð grein fyrir skóladagatali, þ.m.t. lengd jólaeyfis, páskaleyfis og annarra vetrarleyfa, starfsáætlun nemenda, skólareglum, stoðþjónustu, félagslífi og öðru því sem varðar starfsemi skólans ár hvert. Starfsáætlun skólans er árlega lögð fyrir skóla- og frístundaráð Reykjavíkur til staðfestingar sem staðfestir gildistöku hennar þegar ljóst er að hún hafi verið unnin í samræmi við lög og reglugerðir, aðalnámskrá, kjarasamninga og ákvarðanir sveitarstjórnar um fyrirkomulag skólahalds. Skólastjóri er ábyrgur fyrir útfærslu þessara ákvæða, fyrir umfjöllun í skólanum og í skólaráði ásamt því að gera skólanefnd grein fyrir með hvaða hætti áætlanir hafi staðist. Starfsáætlun og skólanámskrá skulu vera aðgengilegar öllum aðilum skólasamfélagsins.

Starfsáætlun Barnaskólans 2024-2025 er upplýsingarit um starfsemi skólans á skólaárinu. Hér er að finna yfirlit yfir helstu viðburði, umfjöllun um áherslur og markmið í skólastarfinu og hagnýtar upplýsingar. Nánari útlistun má sjá á heimasíðu skólans <https://bskrvk.hjalli.is>.

Starf Barnaskólans byggir á kynjanámskrá Hjallastefnunnar og meginreglum, Aðalnámskrá grunnskóla og lögum um grunnskóla. Kennsluhættir Barnaskólans eru einstaklingsmiðaðir þar sem markmiðið er að haga ytra umhverfi þannig að hvert barn njóti sín á eigin forsendum og því bjóðist sá fjölbreytileiki sem æskilegur er í námsumhverfi barna. Námsárangur er samofinn góðri líðan og í öllu starfi skólans er lögð áhersla á þess tvo þætti jöfnum höndum til að stuðla að vexti og þroska allra barna, í samvinnu við foreldra.

<https://hjallastefnan.is/hjallastefnan/stodirnar-thrjar/>

2. Stefna skólans/stefnukort

Hjallastefnan er kærleiksmiðuð og skapandi lýðræðisstefna sem snýst um persónuþroska hvern barns. Barnaskólinn í Reykjavík byggir sitt starf á Kynjanámskrá Hjallastefnunnar, Meginreglum Hjallastefnunnar og Aðalnámskrá grunnskóla. Kynjanámskráin er birtingarmynd á hugsjónum Hjallastefnunnar um jafnrétti barna. Í kynjaskiptu skólastarfi er markmiðið að gera öllum kynjum jafnhátt undir höfði og mæta ólíkum þörfum barna. Jafnframt er markmiðið að gefa þeim kost á að starfa og leika á eigin forsendum þar sem mennig allra kynja er virt og viðurkennd. Þessu til viðbótar er gengið út frá þeirri kennisetningu Hjallastefnunnar að kynin öðlist takmarkaða færni og æfi of fáa eiginleika vegna heftandi kynhlutverka og kynjamótunar sem samfélagið ákvarðar á grundvelli

kynferðis. Hjallastefnan mætir þessu með að þjálfar öll kyn í öllum mennskum eiginleikum og eru loturnar okkar kennslutæki til þess.

Kynjanámskráin okkar er rauði þráðurinn í öllu okkar skólastarfi. Námskránni er skipt niður í sex lotur þar sem unnið er með ákveðin hugtök og orð sem tengjast hverri lotu. Við æfum bæði í orðræðu og verki hvernig við notum orðin í hvaða samhengi og við setjum upp aðstæður þar sem ákveðin þjálfun viðkomandi lotu er æfð. Lýðræðisfundir fara oft fram í kjölfar umræðna út frá lotunni og þar brýnum við fyrir börnunum okkar mikilvægi þess að allir séu virkir í öllu okkar starfi, umræðum og vinnu. Það að vera virkur í samfélagi bætir sjálfsmyndina og þá trú að við getum alltaf haft áhrif á það líf sem við kjósum að lifa með því að láta í ljós skoðanir okkar og vilja.

<https://hjallastefnan.is/hjallastefnan/kynjanamskra/>

2.1.Meginreglur Hjallastefnunnar


Meginreglur Hjallastefnunnar eru sex talsins og eru settar upp í skýrri forgangsröð. Í þeim birtast hugsjónir okkar, bæði innri þættir eins og þau lífsgildi sem við starfsfólk sameinumst um; viðhorf, mannskilningur og lífssýn svo og ytri þættir eins og skipulag, starfshættir og aðferðir sem byggja á umræddum hugsjónum og einkenna Hjallastefnuskólana. Markmið meginreglnanna er að byggja upp jákvæða og kærleiksríka skólamenningu og einnig leggja af mörkum til grenndarsamfélags okkar þannig að við getum haft áhrif til góðs hvar sem við komum. Hlutverk meginreglnanna er að tryggja að skólaskipulag og starfsaðferðir séu í fullkomnum takti við hugsjónirnar, frá hinu stærsta til hins smæsta.

<https://hjallastefnan.is/hjallastefnan/meginreglur/>

2.2.Aðalnámskrá grunnskóla og kynjanámskrá Hjallastefnunnar

Hugmyndafræði Hjallastefnunnar á grunnskólastigi er í fullum samhljómi við lög um grunnskóla og Aðalnámskrá grunnskóla.

Hér að neðan má m.a. sjá hvernig grunnþættir Aðalnámskrár og kynjanámskrá Hjallastefnunnar ríma saman. Grundvallarhugtök beggja miða að því að þroski og velferð barna sé í fyrirrúmi í námi og kennslu



Við vinnum með sameiginlegan kjarna í sex lotum kynjanámskrárinnar og sex grunnþáttum Aðalnámskrár. Hér eru dæmi um markmið sem spretta af þessum sameiginlegu kjarnaþáttum.

Agi og Læsi

Að börn læri að sýna virðingu, að einbeita sér og að fylgja fyrirmælum. Þau þjálfist í læsi á umhverfið og geti lesið og miðlað.

Sjálfstæði og sjálfbærni

Að börn þjálfist í sjálfstæði. Þau læri að vera meðvituð um gildi, viðhorf og tilfinningar sínar.

Samskipti, lýðræði og mannréttindi

Að börn læri að sýna umburðarlyndi, hjálpsemi, gagnrýna hugsun og víðsýni.

Jákvæðni og jafnrétti

Að börn læri að tileinka sér jákvæðni, að sýna félagslega færni og þjálfist í að vera meðvituð um jafnrétti.

Vinátta, heilbrigði og velferð

Að börn þjálfist í að bera virðingu fyrir sjálfum sér og læri að sýna öðrum samkennd og umhyggju.

Áræðni og sköpun

Að börn þjálfist í að sýna frumkvæði, kraft, sköpun og að taka áskorunum.

2.3. Lotur kynjanámskrárinnar

Hér eru dæmi um æfingar og viðfangsefni sem tilheyra lotum kynjanámskrár Hjallastefnunnar.

1. Iota – Félagslegir eiginleikar. Agi; Virðing, hegðun, kurteisi, framkoma.

Hvers kyns fyrirmælaæfingar, kátar og líflegar. Þær má gera við allar aðstæður, í samverum, þrautabrautum, í útihlaupum, við upphaf og lok hópatíma og á valfundum. Umræða um orðin sem fylgja lotunni, hvað þau þýða og hvernig við notum þau í daglegu lífi. Þetta á við orðin í öllum lotunum sex.

2. Iota – Einstaklingseiginleikar. Sjálfstæði; sjálfsstyrking, sjálfstraust, öryggi, tjáning.

Alls kyns framsögn, þau yngstu byrja á því einfalda, t.d. að standa upp og segja nafnið sitt. Eftir því sem þau eldast segja þau litlar sögur upp í það a.ð kynna verkefni sem þau hafa verið að vinna. Beina athyglinni að einu og einu barni í einu og leyfa því að vera stjarna dagsins.

3. Iota – Félagslegir eiginleikar. Samskipti; umburðarlyndi, hjálpssemi, víðsýni, samstaða.

Hjálpa vinkonum sínum og vinum, æfingar eins og að leiða með lokuð augun sem reynir mikið á samvinnu og traust. Eiga eitthvert "leyndarmál" með hópnum sínum sem hefur góð áhrif á samkenndina, eiga saman leynistað eða leynilag.

4. Iota – Einstaklingseiginleikar. Jákvæðni; bjartsýni, gleði, ákveðni, hreinskipti.

Mikill söngur, dans og hreyfing. Nota jákvæð orð um sjálfan sig og aðra. Taka neikvæðar setningar og snúa þeim við yfir í jákvæðar. Brosa og hlæja mikið.

5. Iota – Félagslegir eiginleikar. Vinátta; félagsskapur, umhyggja, nálægð, kærleikur.


Aðstoða vinkonur og vini á ýmsan hátt. Búa til vinabörn og gefa, mála hvort annað með andlitslitum, nudda hendur og fætur með kremi, greiða hvort öðru.

6. Iota – Einstaklingseiginleikar. Áræðni; kjarkur, kraftur, virkni og frumkvæði.

Æfa kjarkinn sinn, hlaupa berfætt/ur í snjónum, öskra upp í vindinn, dansa berfætt/ur með hveiti eða kornflex á gólfinu, hoppa niður af einhverju.

3. Stjórnskipulag skólans

Skólastýra Barnaskólans er Linda Björk Sigmundsdóttir. Aðstoðarskólastýra er Hanna Þórsteinsdóttir. Skólastýrur starfar í nánu samstarfi við framkvæmdarstjóra Hjallastefnunnar Bóas Hallgrímsson og Ölmú Guðmundsdóttur sem og Margréti Pálu Ólafsdóttur, stjórnarformann Hjallastefnunnar. Skipa ofangreind stjórnendateymi skólans.



Skipurit Barnaskóla Hjallastefnunnar í Reykjavík

4. Skólaráð

Skólaráð skv. 8. gr. grunnskólalaga nr.91/2008. Þar segir:

Við grunnskóla skal starfa skólaráð sem er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólahald. Skólaráð tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans. Skólaráð fjallar um skólanámskrá skólans, árlega starfsáætlun, rekstraráætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið. Skólaráð skal fá til umsagnar áætlanir um fyrirhugaðar meiri háttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skóla áður en endanleg ákvörðun um þær er tekin. Skólaráð fylgist almennt með öryggi, aðbúnaði og almennri velferð nemenda. Skólanefnd, sbr. 6. gr., getur með samþykki sveitarstjórnar falið skólaráðum einstakra skóla ákveðin verkefni þessu til viðbótar.

Skólaráð skal skipað níu einstaklingum til tveggja ára í senn, tveimur fulltrúum kennara ásamt einum fulltrúa annars starfsfólks í viðkomandi skóla, tveimur fulltrúum nemenda og tveimur fulltrúum foreldra, auk skólastjórnenda sem stýra starfi skólaráðs og bera ábyrgð á stofnun þess. Skólaráð velur að auki einn fulltrúa grenndarsamfélags til að sitja í ráðinu eða viðbótarfulltrúa úr hópi foreldra. Auk þess skal skólastjóri boða til sameiginlegs fundar skólaráðs og stjórnar nemendafélags að lágmarki einu sinni á ári.

Skólaárið 2024-2025 sitja eftirtöld í skólaráði:

Fulltrúar foreldra: Rannveig Ágústa Guðjónsdóttir og Hafliði Emil Barðason

Fulltrúi grenndarsamfélags: Guðrún Silja Steinarsdóttir

Fulltrúar kennara: Unnur María Guðmundsdóttir og Einar Ómarsson

Fulltrúi annarra starfsmanna: Magnea Snorradóttir

Skólastýra: Linda Björk Sigmundsdóttir

Fulltrúar nemenda: Þórdís Úa H. Haraldsdóttir

Aðstoðarskólastýra: Hanna Þórsteinsdóttir

Nánar er fjallað um hlutverk ráðsins í reglugerð 1157/2008 og þar segir að skólaráð:

- a. fjallar um skólanámskrá, rekstraráætlun, starfsáætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið.
- b. fjallar um fyrirhugaðar meiriháttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skóla og gefur umsögn áður en endanlegar ákvarðanir um þær eru teknar.
- c. tekur þátt í að móta stefnu og sérkenni skóla og tengsl hans við grenndarsamfélagið.
- d. fylgist með öryggi, húsnæði, aðstöðu, aðbúnaði og almennri velferð nemenda.
- e. fjallar um skólareglur, umgengnishætti í skólanum.
- f. fjallar um erindi frá skólanefnd sveitarfélags, foreldrafélagi, kennarafundi, almennum starfsmannafundi, nemendafélagi, einstaklingum, menntamálaráðuneyti, öðrum aðilum varðandi málefni sem talin eru upp í þessari málsgrein og veitir umsögn sé þess óskað.
- g. tekur þátt í öðrum verkefnum á vegum skólanefndar að fengnu samþykki sveitarstjórnar.

Skólaráð fjallar ekki um málefni einstakra nemenda, foreldra eða starfsfólks skóla.

Ráðið setur sér vinnuáætlun og verkefnaskrá fyrir skólaárið, ákveður hve oft verður fundað, á hvað er lögð áhersla o.s.frv. Fundargerðir skólaráðs eru birtar á vefsíðu skólans.

4.1. Verkefnaskrá skólaráðs

Verkefnalýsing skólaráðs er að móta stefnu skólans í umhverfismálum, samskiptum, jafnréttismálum í samræmi við stefnu Hjallastefnunnar. Skólaráð setur fram hugmyndir að nýjungum í skólastarfinu og getur ákveðið að fjalla um öll þau mál sem það telur vera mikilvæg í tengslum við velferð nemenda, hvort sem það tengist stefnu skólans, umgengni eða umhverfi.

5. Mannauður

<http://bskrvk.hjalli.is/Upplýsingar/Starfsfolk>

5.1. Mannauðsstefna

Í skólanum vinnur allt starfsfólk að stefnumörkun og forgangsröðun. Lögð er áhersla á uppbyggjandi skólastarf þar sem metnaður ríkir og virðing er borin fyrir bæði nemendum, foreldrum og starfsfólki. Í skólanum er lögð áhersla á allt fólk nái árangri og til þess eru m.a. notaðir fjölbreyttir kennsluhættir. Lögð er áhersla á fjölbreytta kennslu list- og verkgreina sem stundum er samþætt öðrum námsgreinum. Allt starfsfólk skólans á að

njóta sambærilegra tækifæra til starfsþróunar og símenntunar. Allt starfsfólk skal bera ábyrgð á að skapa andrúmsloft laust við fordóma af hvaða tagi sem er. Virða ber rétt starfsmanna til að tjá sig ekki um persónuleg málefni, s.s. trúarskoðanir, stjórnálaskoðanir, kynhneigð eða heilsufar. Þess skal gætt við ráðningar, uppsögn og ákvarðanir um kjör starfsmanna skólans að ómálefnalegum ástæðum sé ekki beitt sem rökum gegn starfsmanni, sbr. grein 1.2 í starfsfólksstefnu borgarinnar. Þess skal gætt í öllum starfsháttum skólans að starfsfólki sé ekki mismunað á grundvelli kynferðis, kynhneigðar, aldurs, útlits, ætternis, fötlunar, heilsufars, uppruna, trúar- eða stjórnálaskoðana. Leitast skal við að mæta þörfum beggja kynja og að á hvorugt kynið halli.

Meginregla tvö í hugmyndafræði Hjallastefnunnar er í hnotskurn mannauðsstefna skólans, þar sem áherslan er á jákvæðni, gleði og kærleika. Það felur í sér að í skólanum er stuðlað að því að þau öfl séu ríkjandi í samskiptum starfsfólks svo og í öllum samskiptum við börn og foreldra. Mannauðsstefna Hjallastefnunnar felur í sér að skólinn sé vinnustaður með metnaðarfullt og hæfileikaríkt fólk í starfi sem brennur fyrir þeirri hugsjón sem skólinn stendur fyrir. Í skólanum er lögð áhersla á góðan starfsanda og að starfsfólk hlakki til að mæta í vinnuna, að þar ríki góð skólamenning og þar ríki starfsgleði. Markmið mannauðsstefnu er að starfsumhverfi einkennist af fagmennsku og virðingu og vinnuveitendur leggi sig fram um að koma fram við alla í jafnræði og kærleika

Mannauðsstefna Reykjavíkurborgar 2018-25 er [hér](#).

5.2. Fagmennska starfsfólks

Kennarar gegna lykilhlutverki í öllu skólastarfi og hlutverk þeirra er margþætt. Starf kennarans snýst ekki aðeins um kennslu heldur einnig stjórnun, uppeldi, ráðgjöf, rannsóknir og þróunarstörf. Gæði menntunar og árangur skólakerfisins byggist því fyrst og fremst á vel menntaðri og áhugasamri fagstétt kennara. Menntun, þekking, viðhorf og siðferði kennara leggur grunninn að fagmennsku þeirra. Fagmennska kennara snýr að nemendum, menntun þeirra, líðan og velferð ásamt því að vinna í samstarfi við aðra kennara og starfsmenn af fagmennsku. Á kennurum hvílir ekki aðeins sú skylda að að mennta og miðla þekkingu heldur einnig að gefa nemendum tækifæri til þess að afla sér þekkingar á eigin spýtur, efla frjóa og skapandi hugsun og skapa jákvætt viðhorf til náms og þekkingarleitar. Kennarar leitast einnig við að skapa góðan og jákvæðan skólabrag, réttlátar vinnureglur og hvetjandi námsumhverfi. Kennarar starfa einnig samkvæmt siðareglum Kennarasambands Íslands og lögum um grunnskóla. Í 12. grein laga um grunnskóla segir:

„Starfsfólk grunnskóla skal rækja starf sitt af fagmennsku, alúð og samvirkusemi. Það skal gæta kurteisi, nærgætni og lipurðar í framkomu sinni gagnvart börnum, foreldrum þeirra og samstarfsfólki“.

Sjá siðareglur kennara frá Kennarasambandi Íslands - [Siðareglur kennara](#)

5.3. Ábyrgð og skyldur starfsfólks

Aðalnámskrá grunnskóla kveður á um ábyrgð og skyldur starfsfólks. Í því felst að starfsfólk komi til móts við náms- og félagslegar þarfir nemenda og sinni þeim af alúð. Þetta gerir starfsfólk með því að ígrunda starfið reglulega, leita nýrra leiða, afla sér nýrrar þekkingar og sýna þannig stöðuga viðleitni til að læra og gera betur. Mikilvægt er að starfsfólk sýni nærgætni við nemendur, foreldra og samstarfsfólk í hvívetna.

Stjórnendur og starfsfólk bera sameiginlega ábyrgð á að veita sem besta þjónustu og tryggja að markmiðum sé náð. Stjórnendum ber að tileinka sér góða og nútímalega stjórnunarhætti. Þeir felast meðal annars í jákvæðu viðhorfi til samstarfsmanna, virku upplýsingastreymi og dreifingu valds og ábyrgðar. Stjórnandi skal jafnan leitast við að hafa samráð við starfsmenn sína um málefni vinnustaðarins og beita sér fyrir víðtækri sátt um þau. Stjórnendur bera ábyrgð á störfum starfsfólks og stjórnendur eiga að vinna að þeim markmiðum sem sett hafa verið.

- **Sjá reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum – [Reglugerð](#)**

5.4. Verksvið starfsfólks

Verksvið starfsfólks er mismunandi eftir starfsheitum.

5.4.1. Skólastýra

Skólastjóri starfar skv. 7. grein grunnskólalaga.

Verksvið skólastýra nær til faglegra hliða skólastarfsins og daglegrar umsýslu. Þær ber ábyrgð á stefnumörkun skólans og vinna við hana eftir því sem henni er falið af sveitarstjórn eða kveðið er á í lögum og reglugerðum. Skólastýrum ber að kynna sér eftir föngum störf kennara og annarra starfsmanna skólans og árangur þeirra. Þeim ber einnig að gera sér far um að veita kennurum og öðrum starfsmönnum skólans allt það lið sem þær mega með ráðum og dáð. Skólastýrur boða til kennarafunda svo oft sem þurfa þykir en þó eigi sjaldnar en einu sinni í mánuði. Ætíð skal boða fund ef þriðjungur kennara skólans æskir þess.

Grunnskólalög kveða á um skyldur skólastjóra:

Við grunnskóla skal vera skólastjórnandi sem er forstöðumanneskja grunnskóla, stjórnar honum, veitir faglega forustu og ber ábyrgð á starfi skólans gagnvart sveitarstjórn. Skólastjórnandi stuðlar að samstarfi allra aðila skólasamfélagsins. Skólastjórnandi boðar til kennarafunda svo oft sem þurfa þykir á starfstíma grunnskóla. Kennarafundi sækja kennarar og aðrir sérfræðingar skólans. Skólastjórnandi boðar til starfsfóksfunda svo oft sem þurfa þykir. Skólastjórnandi gerir tillögur til Hjallastefnunnar um fyrirkomulag stjórnunar í grunnskóla með tilliti til þarfa viðkomandi skóla. Skólastjórnandi ákveður verksvið annarra stjórnenda skólans og skal ein þeirra vera staðgengill skólastjóra.

- Stjórnar daglegri starfsemi skólans, ber faglega- og rekstrarlega ábyrgð á stjórnun skólans skv. Lögum.

- Ber ábyrgð á gerð námskrár, ársáætlunar, ársskýrslu og mati á starfsemi skólans og skilar til framkvæmdarstjóra.
- Setur skólann að hausti og slítur að sumri
- Ber ábyrgð á að rekstur skólans sé innan ramma fjárhagsáætlunar
- Annast samskipti við KHÍ og móttöku kennaranema
- Þátttaka á stjórnendafundum, nemendaverndarráði, áfallaráði og fagteymisvinna
- Ritstjórn og umsjón með heimasíðu skólans
- Samskipti við barnaverndaryfirvöld
- Samskipti við Menntamálastofnun - bókapöntun

5.4.2. Aðstoðarskólastýra

Starfar samkvæmt stefnu og handbók Hjallastefnunar, lögum og reglugerðum um grunnskóla, öðrum lögum sem við eiga, Aðalnámskrá grunnskóla, skólanámskrá skólans og kynjanámskrá Hjallastefnunnar ásamt stefnu viðkomandi sveitarfélags.

Næsti yfirmaður: Skólastýra

Tilgangur starfs: Að koma að stjórnun og rekstri skólans. Taka þátt í að þróa skólastarf og önnur störf sem fara fram innan skólans.

Ábyrgðarsvið: Að vera skólasýru til aðstoðar við almenn stjórnunarstörf þannig að skólastarfið gangi eðlilega fyrir sig. Að sjá um daglega stjórnun skv. skipuriti.

Helstu verkefni:

- Er staðgengill skólastýru og kemur að almennum stjórnunarstörfum eftir þörfum
- Vinna að málefnum nýbúafræðslu
- Vinnur með stjórn foreldrafélagsins
- Annast framkvæmd mats á skólastarfi
- Annast samskipti við KHÍ og móttöku kennaranema
- Þátttaka á stjórnendafundum, nemendaverndarráði, áfallaráði og fagteymisvinna
- Ritstjórn og umsjón með heimasíðu skólans
- Samskipti við barnaverndaryfirvöld

Samskipti við Menntamálastofnun - bókapöntun

5.4.3. Kennarar

Kennari, sem ráðinn er til starfa í grunnskóla, skal gegna því samkvæmt lögum, reglugerðum, aðalnámskrá grunnskóla, erindisbréfi og kjarasamningum.

Starfsfólk grunnskóla starfar skv. 11. og 12. grein grunnskólalaga.

Á kennara hvílir sú skylda að miðla þekkingu til nemenda og veita hverjum nemenda tækifæri til að afla sér þekkingar og leikni, örva starfsgleði nemenda og frjóa hugsun. Kennara ber að sjá til þess að sérhver nemandi fái viðfangsefni við hæfi, aðstoða hvert og eitt í náminu, hvetja til sjálfstæðra vinnubragða, hjálpa hverju og einu til að meta stöðu sína í náminu og stuðla að því að hver nemandi tileinki sér heilbrigðar lífsvenjur. Kennari skal leitast við að vera nemendum sínum til fyrirmyndar um háttvísi, stundvísi og

reglusemi og gæta trúnaðar við nemendur og virða þann trúnað sem þeir sýna honum. Kennari gæti þagmælsku um þau einkamál er hann fær vitneskju um í starfi og þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

Kennara ber að annast kennslu og nauðsynlegan undirbúning samkvæmt stundaskrá og sinna öðrum störfum við grunnskólann sem honum eru falin af skólastýrum enda samræmast þau starfssviði hans. Í starfi kennara felst meðal annars:

- að annast kennslu samkvæmt meginmarkmiðum aðalnámskrár og stefnu skólans
- að skipuleggja kennslu sína í samræmi við markmið grunnskólalaga og með hliðsjón af þörfum og þroska nemenda hverju sinni
- að fylgjast með ástundun, framkomu og líðan nemenda og gera skólastýrum og forráðamönnum nemenda viðvart ef hann telur þörf á
- að fylgjast með aðbúnaði til náms og kennslu og gera skólastýrum viðvart ef umbóta er þörf
- að færa dagbækur reglulega, nemendaskrár, einkunnabækur og aðrar nauðsynlegar skýrslur
- að veita umsjónarkennurum og námsráðgjöfum upplýsingar um námsgengi einstakra nemenda
- að veita foreldrum sem gleggstar upplýsingar um skólann og skólastarfið og gengi viðkomandi nemenda
- af hafa hagsmuni nemenda að leiðarljósi og sýna hverjum og einum virðingu, áhuga og umhyggju
- að hafa jafnrétti nemenda í öllu skólastarfi að leiðarljósi.

5.4.4. Umsjónarkennari

- Í lögum um grunnskóla (nr. 91, 2008) er kveðið á um að hlutverk umsjónarkennara sé að fylgjast náið með námi nemenda sinna og þroska, leiðbeina þeim í námi og starfi, aðstoða og ráðleggja þeim um persónuleg mál og stuðla þannig að því að efla samstarf heimila og skóla.
- Umsjónarkennari hefur m.a. eftirfarandi hlutverk:
- Leitast við að vera í góðu sambandi við nemendur og foreldra þeirra.
- Er trúnaðarmaður sem nemendur geta leitað til með vandamál sem snúa að náminu, skólanum og öðru. Hann leysir á eigin spýtur smærri vandamál en leitar samráðs um önnur eða kemur þeim í réttan farveg.
- Er talsmaður nemenda við stjórnendur, aðra kennara, starfsmenn og nemendaverndarráð.
- Leitast við að skapa góðan bekkjaranda, réttlátar vinnu- og umgengnisreglur og hvetjandi námsumhverfi.
- Fylgist með skólasókn og grípur til aðgerða gerist þess þörf.
- Skipuleggur viðtöl við foreldra á foreldradögum og hefur tiltækar upplýsingar frá öðrum kennurum.
- Hefur umsjón með undirbúningi og framkvæmd bekkjarkvölda, vettvangsferða og annarra viðburða í bekkjarstarfinu í samstarfi við annað starfsfólk skólans og foreldra eftir því sem við á hverju sinni.
- Annast skýrslugerð, einkunnafærslur og afhendingu einkunna.

Kynnir nemendum skólareglur og ræðir þær.

5.4.5. Ritari

Ekki er starfandi ritari í Barnaskólanum í Reykjavík. Miðstöð Hjallastefnunnar, skólafreyja og skólastýra sinna verkefnum ritara.

Helstu verkefni:

- Móttaka þeirra sem eiga erindi á skrifstofu skólans. Símaþjónusta, póstafréttir, ljósritun. Tryggir að upplýsingar frá stjórnendum berist örugglega til réttra aðila.
- Ber ábyrgð á skjalavistun skólans (geymsla, skipulag, skráning, frágangur fundagerða).
- Færa og viðhalda nemenda- og starfsmannaskrá svo hún sé sem réttust á hverjum tíma.
- Almenn skrifstofustörf. Umsjón með skrifstofuvörum skólans, móttaka og birgðahald.
- Verkstjórn við störf á skrifstofu eftir því sem við á.
- Heldur bókhald yfir þá rekstrarþætti sem honum eru faldir. Uppgjör mótuneytis starfsmanna og nemenda. Annast innkaup, peningaumsýslu og bankaviðskipti í samráði við skólastjóra.
- Undirbúningur og frágangur ráðningarsamninga, vinnuskýrsla, vinnutímaramma.

Kannar réttmæti reikninga yfirfer rétta gjaldaliði og sendir skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar til greiðslu.

5.5. Trúnaðarfólk

Hlutverk trúnaðarfólks er að vera tengiliður milli stéttarfélagss og vinnustaðar. Það er talsfólk stéttarfélagss á vinnustaðnum og fylgist með því að kjarasamningum sé framfylgt. Starfsfólk geta leitað til trúnaðarfólks með umkvörtunarefni og eru þau tengiliðir við atvinnuveitanda í þannig málum. Það er einnig hlutverk trúnaðarfólks að kynna nýjum starfsfólki þeirra réttindi, starfskjör og starfsemi stéttarfélagss.

Trúnaðarkona kennara fyrir skólaárið 2024-2025 er Edda Huld Sigurðardóttir.

Trúnaðarkona starfsfólks fyrir skólaárið 2024-2025 er Ingibjörg Elín Viðarsdóttir.

5.6. Símenntun starfsfólks/starfsþróun

Frumkvæði starfsfólks, metnaður og árvekni í fræðslu og starfsþróun er lykill að árangri. Í skólanum er stefnt að því að starfsfólk eigi kost á símenntun innan sem utan stofnunar þar sem markmiðið er að auka þekkingu og faglega hæfni sem nýtist í starfi. Það er jafnt á ábyrgð starfsfólks og yfirfólks að viðhalda og bæta fagþekkingu og annarri þeirri sérþekkingu sem nauðsynleg er í starfi.

5.6.1. Framkvæmd símenntunar/starfsþróunar veturinn 2024-2025

Samkvæmt 12. grein grunnskólalaga frá 2008 á hver skóli að frumkvæði skólastýra að móta áætlun til ákveðins tíma um hvernig símenntun starfsfólks skólans skuli hagað svo að hún sé í sem bestu samræmi við áherslur skólans, sveitarfélagsins og aðalnámskrár.

Í [kjarasamningi kennara](#) segir m.a. um starfsþróun og starfsþróunaráætlun í kafla 10:

Endurmenntun kennara/ starfsfólks Barnaskólans mótast af hugmyndafræði og stefnu skólans. Endurmenntun fer fram með óformlegum og formlegum hætti í mismunandi útfærslum. Reglulegir fundir kennara og starfsfólks, árgangafundir sem skólastýrur sitja, sjálfsnám kennara stuðla að starfsþróun og vexti. Námskeið eru haldin reglulega, námskeið á skipulags eða undirbúningsdögum og starfsfólk leggur inn beiðni um þátttöku í þeim námskeiðum sem það heldur að gagnist þeim í starfi. Áhugi og virkni starfsfólks skiptir þar miklu máli. Skólastýrur eru jákvæðar fyrir endurmenntun starfsfólks ef fólk óskar eftir að stunda fjarnám með vinnu. Í Barnaskólanum í Reykjavík er regluleg endurmenntun. Starfsfólk skólans sinnir endurmenntun af ýmsum toga á starfsdögum að hausti og vori ár hvert.

Hljóðaaðferð í lestrarkennslu er notuð í Barnaskólanum og sækja kennarar námskeið í henni. Grunnnámskeið er fyrir kennara yngstu barnanna og framhaldsnámskeið fyrir kennara eldri barna. Kennarar í Barnaskólanum hafa lokið grunn- og framhaldsnámskeiði í Numicon. Numicon eru stærðfræðigögn og námsefni sem byggð eru á hugmyndum Montessori, Stern og Cuisenaire. Þau hafa verið þróuð af háskólaprófessorum í Bretlandi. Barnaskólar Hjallastefnunnar hafa unnið með þetta verkefni og innleitt í stærðfræðikennslu. Hjallastefnunámskeið og ráðstefnur eru reglulegur hluti af endurmenntun kennara. Í upphafi haustannar fara kennarar á námskeið og fyrirlestra auk þess sem nýir kennarar fara á nýliðanámskeið.

Í vor fór starfsfólkshópurinn í námsferð til Valencia á Spáni þar sem lögð var áhersla á útikennslu. Því var síðan fylgt eftir með útikennslunámskeiði í Litlu Öskjuhlíð á starfsdögum í upphafi skólaár. Á haustdögum var haldið námskeið í Mentor og munum við fá eftirfylgni út skólaárið til að skerpa enn frekar á námsmati og færni kennara þar. Kvan kom og hélt fyrirlestur og vinnustofu um anda á vinnustað á starfsdegi 11. Október.

6. Skipulag skólaársins

6.1. Skóladagatal

Skóladagatalið sýnir þá daga sem nemendur eiga að vera í skólanum, hvaða daga er vikið frá hefðbundnum skóladegi og hvaða daga nemendur eiga frí. [Frekari upplýsingar má finna á heimasíðu skólans.](#)

6.2. Skóladagar

Lögum samkvæmt á skólaárið að telja 180 nemendadaga. Þar af eru svokallaðir sveigjanlegir eða skertir skóladagar tíu talsins. Þeir geta verið óhefðbundnir og jafnvel

styttri en venjulegir skóladagar ef svo ber undir. Skóladagar eru 180 á um níu mánuðum. Þar af geta verið 10 dagar með skertri/sveigjanlegri kennslu en þá daga eru nemendur ekki fullan skóladag í skólanum.

6.3. Kennsludagar

Vikulegur kennslutími hvers nemanda í grunnskóla skal að lágmarki vera:

- 1.400 mínútur í 5.-7. bekk
- 1.200 mínútur í 1.-4. bekk

Skólastýrur ákveða nánari útfærslu vikulegs kennslutíma í samráði við skólaráð. Við ákvörðun daglegs og vikulegs starfstíma nemenda í grunnskóla skal þess gætt að hann sé samfelldur með eðlilegum hléum og fari ekki fram yfir hæfilegt vinnuálag miðað við aldur nemenda og þroska.

Kennslustundafjöldi nemenda ef kennslustund er 40 mínútur:

- 1. – 4. bekk er hann 30 stundir á viku
- 5. – 7. bekk er hann 35 stundir á viku

6.4. Prófadagar

Engir sérstakir prófdagar eru í Barnaskólanum.

6.5. Vettvangsferðir

Í Barnaskólanum fara börn og kennarar mjög reglulega í vettvangsferðir sem tengjast verkefnum og námi barnanna sem og skemmtiferðir sem auka víðsýni og reynslu þeirra. Á hverju vori er til dæmis varið í tveggja náttu vorferð. Er það liður í áræðnilotu sem er síðasta lota vetrarins samkvæmt kynjanámskrá. Áfangastaðir eru misjafnir eftir aldri barnanna:

- 5 ára börn fara í Vatnaskóg
- 6 ára börn fara í Ölver undir Hafnarfjalli
- 7 ára börn fara á Njáluslóðir og dvelja í Fljótshlíðinni
- 8 ára börn fara vestur í Þurranes
- 9 ára börn heimsækja slóðir Bárðar Snæfellsáss og dvelja á Arnarstapa
- 10 ára börn fara á Laugarvatn
- 11 ára börn fara á Sólheima
- 12 ára börn fara í 5 daga ferð í skólabúðir á Reykjum

Komist nemandi af einhverri ástæðu ekki með í skipulagðar vettvangs- eða nemendaferðir er honum ætlað að mæta í skólann til annars skólastarfs. Ávallt skal gera ráðstafanir til þess að nemandi sem ekki kemst í ferðir fái umönnun eða kennslu á meðan á ferðinni stendur og tilkynna foreldrum/forráðamönnum ástæður og tilhögun. Ef ferðalag á vegum skólans stendur yfir nótt þarf skriflegt leyfi foreldra/forráðafólks. Um reglur í ferðum á vegum skólans er fjallað í skólareglum.

6.6. Foreldraviðtöl

Leiðarljós foreldraviðtala er að foreldrar og kennari eru teymi sem vinna að velferð barnsins. Áhrif foreldra á nám og líðan barna eru óumdeild og foreldraviðtöl eiga að tryggja að allir foreldrar eigi hlutdeild í skólagöngu barna sinna.

Foreldraviðtöl eru á skertum skóladögum, einu sinni á hvorri önn, 23. október og 24. janúar.

7. Skipulag kennslu

Starfsemi grunnskólans þ.e. markmið námsins, kennsluhættir og starfshættir grunnskólans fylgir að öllu leyti fylgja aðalnámskrá svo og skólanámskrá og starfsáætlun sbr. ákvæði í 24. og 29. gr. laga um grunnskóla. Jafnframt er starfað í anda annarrar greinar sömu laga þar sem áherslan er lögð á samvinnu við heimilin, starfshætti sem skulu mótast af umburðarlyndi og kærleika, arfleifð íslenskrar menningar, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi og virðingu fyrir manngildi. Þá leitast grunnskólinn við að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við stöðu og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska, velferð og menntun hvers og eins.

Námshópar bera heitið kjarnar og er einn kjarni samsvarandi bekkjardeild. Kynjaskiptir kjarnar eru starfandi stóran hluta skólatímans en að auki eru samskipti og samvinna milli kynjanna skv. námskrá.

Mikið listastarf er í skólanum. Sérgreinar eru kenndar ýmist af kennurum í skólanum eða gestakennurum. Tónlistarsmiðjur eru kenndar og öflugt myndlistar- og handverksstarf er í skólanum. Jóga og hugleiðsla er í boði vikulega.

Kennarar gera kennsluáætlanir fyrir skólaárið eftir markmiðum hvers árgangs samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla. Einnig eru gerðar ítarlegri áætlanir fyrir hverja lotu kynjanámskrár sem og vikuáætlanir en þær eru sendar til foreldra á hverjum föstudegi.

Allt starf skólans byggir á áherslum í [aðalnámskrá grunnskóla](#) og [skólanámskrá Barnaskólans](#).

7.1. Stundarskrár

Allar stundarskrár nemenda fylgja með í viðhengi.

7.2. Skipulag

Við skipulag náms og kennslu í skólanum er nemandinn ávallt í öndvegi þar sem megináherslan er lögð á vellíðan og vandaða fræðslu. Nauðsynlegt er að þetta tvennt fari saman enda á hvorugt að geta verið án hins í þróttmiklu grunnskólastarfi. Fjölbreytni námsgreina er mikil og áhersla á að hver og einn fái notið sín og ræktað hæfileika sína.

7.2.1. Skipulag 1. - 4. bekkur

Kjarnakennarar sinna allri kennslu á þessu aldurstigi en faggreinakennt er í íþróttum, sundi, tónmennt og list- og verkgreinum.

Skipulag kennslu í 1. – 4. bekk er þannig háttað að utan um hvern árgang halda tveir umsjónarkennarar sem bera sameiginlega ábyrgð á starfinu í árganginum. Þeir vinna saman að skipulagi náms og tengslum heimilis og skóla.

7.2.2. Skipulag 5. – 7. bekkur

Skipulag kennslu og umsjónar í 5. – 7. bekk er þannig háttað að utan um hvern árgang halda tveir kennarar sem bera sameiginlega ábyrgð á starfinu í árganginum og tengslum heimilis og skóla. Í 5. – 7. bekk er faggreinakennsla sem er í höndum kjarnakennara á miðstigi. Dönskukennsla hefst í 5. bekk.

List- og verkgreinar eru kenndar í lotum. Þær skiptast í smíði, textíl, heimilisfræði og myndmennt.

7.2.3. Brautir

Við skipulagningu námsins er mikilvægt að hafa styrkleika barnanna að leiðarljósi. Undanfarin ár hafa börnin fengið að velja sér námsbrautir við hæfi. Með brautunum erum við að fara dýpra í vinnuna með kynjanámskrána þannig að persónuleiki, greind og hæfileikar þroskast eins og kostur er samfara því að jafnréttis- og lýðræðisvitund barnsins styrkist og eflist. Þær brautir sem hafa verið í boði eru; sjónlistir, handverk, íþróttir, tónlist og sviðslistir. Þá er að auki boðið upp á val í tungumálum og vísindum fyrir börn á miðstigi.

8. Nemendur með annað móðurmál en íslensku

8.1. Móttökuáætlun

Móttökuáætlun Barnaskóla Hjallastefnunnar í Reykjavík má finna [hér](#).

Barnaskólinn tekur á móti börnum af erlendum uppruna um leið og barnið hefur fengið kennitölu.

Við innritun erlendra barna eru foreldrar boðaðir á fund í Barnaskólanum. Ef viðkomandi foreldrar tala ekki ensku er kallaður til túlkur. Foreldrar fylla út dvalarsamning. Á fundinum er farið yfir starfsemi og skólastarfið kynnt. Foreldrar fá að skoða skólahúsnaðið og skólastýra kynni kennara barnsins fyrir foreldrum sem situr fundinn. Stundataflan er kynnt fyrir foreldrum, umhverfi skólans og listastarfið. Skólastýra kallar eftir einkunnum, greiningum ef einhverjar eru, heilbrigðisvottorði og bólusetningavottorði.

Undantekningarlaust fá síðan þessir nemendur aukna þjálfun í íslensku sem öðru tungumáli hjá sérkennara skólans. Markmið sérkennslunnar í upphafi er að nemendur nái að tengjast íslenskum börnum og geti tjáð sig um helstu atriði, til dæmis um grunnþarfir. Notaðar eru myndir til að aðstoða börnin.

Aðrir nemendur í bekknum eru upplýstir um nýja nemandann og hópurrinn þannig undirbúinn.

8.2. Íslenska sem annað mál

Íslenska sem annað tungumál er námsgrein fyrir nemendur sem hafa ekki nægilegt vald á íslensku til að geta stundað nám í íslenskum skólum til jafns við aðra nemendur. Þetta á jafnt við nemendur af íslenskum sem erlendum uppruna. Námsgreinin íslenska sem annað mál nær til allra námsgreina. Nemendurnir geta hafið nám í íslenskum skólum á hvaða námsstigi sem er og með mismunandi íslenskukunnáttu og menntunarbakgrunn. Í kennslunni er lögð áhersla á talmál, skilning, hlustun, lestur, ritun, menningarfærni, skólamál og námsfærni. Notaðar eru fjölbreyttar kennsluaðferðir og tekið er mið af aldri og stöðu nemendanna hverju sinni.

Markmið kennslunnar er að nemandi verði fær um að nota íslenskt mál og menningarfærni sér til framdráttar í samskiptum og sem grunn undir frekara nám og:

- Noti íslensku til að tjá hug sinn og þarfir í töluðu og rituðu máli og skilji aðra
- Noti íslensku til að taka þátt í samræðum og leikjum og taka tillit til viðmælenda
- Hafi þroskað með sér menningarfærni sem auðveldar samskipti við önnur börn og fullorðna
- Geti leikið sér með málið og prófað tilgátur um mál og málnotkun
- Geti lesið einfalda texta sér til gagns og ánægju og tjáð sig um þá í töluðu og rituðu máli í samræmi við íslenskar málvenjur, aldur og þroska

9. Náms- og kennsluáætlanir

9.1. Náms- og kennsluáætlun - 1. Bekkur

<https://bskrvk.hjalli.is/Skolastarfid/Skolanamskra>

9.2.Náms- og kennsluáætlun - 2. bekkur

<https://bskrvk.hjalli.is/Skolastarfid/Skolanamskra>

9.3.Náms- og kennsluáætlun - 3. bekkur

<https://bskrvk.hjalli.is/Skolastarfid/Skolanamskra>

9.4.Náms- og kennsluáætlun - 4. bekkur

<https://bskrvk.hjalli.is/Skolastarfid/Skolanamskra>

9.5.Náms- og kennsluáætlun - 5. bekkur

<https://bskrvk.hjalli.is/Skolastarfid/Skolanamskra>

9.6.Náms- og kennsluáætlun - 6. bekkur

<https://bskrvk.hjalli.is/Skolastarfid/Skolanamskra>

9.7.Náms- og kennsluáætlun - 7. Bekkur

<https://bskrvk.hjalli.is/Skolastarfid/Skolanamskra>

9.8.Stefna skólans í heimanámi

Heimanám felst eingöngu í daglegum heimalestri þar sem barn les að minnsta kosti upphátt 20 mín. á dag.

10. Mat á skólastarfi

Sveitarfélög sinna mati og eftirliti með gæðum skólastarfs, sbr. 5. og 6. gr. grunnskólalaga, og láta ráðuneyti í té upplýsingar um framkvæmd skólalags, innra mat skóla, ytra mat sveitarfélaga, framgang skólastefnu sinnar og áætlanir um umbætur. Sveitarfélög skulu fylgja eftir innra og ytra mati þannig að slíkt mat leiði til umbóta í skólastarfi. Grunnskólalög kveða á um að hver grunnskóli meti með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á. Grunnskóli skal birta opinberlega upplýsingar um innra mat, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur.

Skólinn á samkvæmt 36. grein grunnskólalaga frá árinu 2008 að framkvæma mat á skólastarfinu árlega og eiga skýrslur og áætlanir um umbætur þess efnis að vera birtar opinberlega.

[Hér](#) má sjá almennar upplýsingar um ytra mat í grunnskólum Reykjavíkur ásamt matsskýrslum.

10.1. Áætlun um innra mat fyrir skólaárið

Skólanámskrá er grunnur að skólamati og þar kemur fram hvert markmið og gildi skólastarfsins og hvernig skólamenningu stjórnendur skólans vilja skapa. Mánaðarlega eru árgangafundir þar sem kennarar og skólastýra leggja mat á hvernig starfið gangi, hvað virki vel og hvað síður. Einu sinni á ári eru lagðar fyrir starfsmannakannanir og foreldrakannanir til að kanna hug starfsfólks og foreldra til starfs og stefnu skólans. Unnið er markvisst að umbótaáætlun úr niðurstöðum kannana.

10.2. Ytra mat á skólanum

Ytra mat var framkvæmt í Barnaskólanum í Reykjavík árið 2013, sjá [hér](#)

10.3. Umbótaáætlanir skólans

Umbótaáætlun Barnaskólans fyrir skólaárið 2024-2025 er í fylgiskjali.

11. Foreldrafélag Barnaskólans og foreldrasamstarf

Markmiðið með foreldrasamstarfi er að tryggja hagsmuni nemenda með upplýsingamiðlun og samráði foreldra og skóla. Nemandinn öðlast aukið öryggi við að finna gagnkvæmt traust og virðingu milli hinna fullorðnu sem og samræmi í gildum og væntingum heima fyrir og í skólanum.

Foreldrar geta leitað stuðnings hjá þjónustumiðstöðvum við lausn mála sem tengjast skólastarfi, en þar starfa meðal annarra kennsluráðgjafar og sálfræðingar. Í hverju sveitarfélagi skal í umboði sveitarstjórnar vera skólanefnd sem fer með málefni grunnskóla eftir því sem lög og reglugerðir ákveða.

[Heimili og skóli](#) hafa gefið út handbækur fyrir fulltrúa foreldra á öllum skólastigum. Í þeim er lýst starfi foreldrafélaga og foreldra- og skólaráða.

11.1. Stefna skóla í foreldrasamstarfi

Árangursríkt skólastarf byggir á góðri samvinnu og gagnkvæmu trausti heimilis og skóla og er mikilvægur þáttur í skólastarfinu. Þennan þátt þarf að rækta enda þekkja foreldrar börnin sín best og því er nauðsynlegt að þeir hafi samband við kennara og skólastjórnendur hvenær sem þeir telja þörf á og á sama hátt mun skólinn hafa samband ef þurfa þykir. Við megum aldrei gleyma því að foreldrar eru sterkasti mótunaraðili barnanna og hafa ótvíræð áhrif á hvernig börnin upplifa skólagöngu sína. Því skiptir þátttaka þeirra í námi barnanna verulegu máli. Jákvætt viðhorf er okkur öllum ákaflega mikilvægt. Rannsóknir sýna að nemendur sem alast upp við jákvætt viðhorf heimilisins til skólans standa sig yfirleitt betur í námi og fara út í lífið með jákvæðari viðhorf til tilverunnar en þeir sem búa við neikvætt viðhorf til skólans. Með þessu er ekki verið að

segja að foreldrar eigi að sleppa allri gagnrýni, þvert á móti, þeir eiga að skipta sér af og tala þá beint við starfsfólk skólans. Mikilvægt er að foreldrar hvetji börn sín til dáða og sýni viðfangsefnum þeirra áhuga. Þá er einnig mikilvægt að þeir kenni börnum sínum að sýna kurteisi í garð annarra og koma heiðarlega fram.

11.2. Foreldrafélag

Í Barnaskólanum í Reykjavík er virkt foreldrafélag. Stjórn foreldrafélagsins er skipuð að hausti.

Lög foreldrafélags Barnaskóla Hjallastefnunnar í Reykjavík

1.gr. Félagið er foreldrafélag Barnaskóla Hjallastefnunnar í Reykjavík. Félagar skulu teljast allir forráðamenn nemenda skólans.

2.gr. Markmið félagsins er að;

- vera samstarfsvettvangur foreldra sem eiga börn í skólanum
- efla og tryggja gott samstarf foreldra, stjórnenda og starfsfólks skólans
- styðja heimili og skóla við að skapa nemendum góð uppeldis- og menntunarskilyrði
- koma á framfæri sjónarmiðum foreldra varðandi skóla- og uppeldismál
- standa vörð um réttindi barna til mennta og aukins þroska
- uppfylla kröfur laga um grunnskóla nr. 91/2008.

3.gr. Félagið hyggst vinna að markmiðum sínum og ná fram tilgangi sínum með því m.a. að:

- koma á umræðu-, fræðslu- og kynningafundum um uppeldis- og skólamál
- standa fyrir og styðja við upplýsingamiðlun skólans til foreldra m.a. með virku upplýsingaflæði í gegnum heimasíðu skólans www.hjalli.is/bskre. Þar skulu jafnframt birtar fundargerðir félagsins og annað það sem varðar viðgang og vöxt þess
- veita stjórnendum skólans og skólayfirvöldum lið, til þess að aðstæður til náms og félagslegra starfa verði eins góðar og kostur er
- styðja og efla hverja þá starfsemi sem kann að stuðla að auknum þroska og menningu skólans
- stuðla að, eftir því sem við á, samstarfi við önnur foreldrafélag, landssamtök foreldra og nefndir og ráð á vegum bæjarfélagsins

4.gr. Stjórn félagsins skal skipa foreldrum/forráðamönnum frá hverjum kjarna skólans. Á síðasta fundi hvers starfsárs skal kanna meðal kjörinna fulltrúa hverjir hyggjast gefa kost á sér til áframhaldandi setu í foreldrafélaginu. Að hausti skal leita eftir framboðum eftir því sem þurfa þykir. Fulltrúar geta gefið kost á sér til áframhaldandi setu, en leitast skal eftir eðlilegri endurnýjun í stjórn. Stjórnin skiptir með sér verkum. Auk formanns skal stjórnin kjósa, varaformann, ritara og gjaldkera.

5.gr. Aðalfundur félagsins skal haldinn fyrir lok septembermánaðar ár hvert. Stjórnin boðar til fundarins í samstarfi við skólastýru og skal fundurinn auglýstur með a.m.k. viku

fyrirvara. Aðalfundur telst löglegur ef löglega er til hans boðað, með auglýsingum í skólanum, á heimasíðu félagsins eða í sérstökum tilkynningum til foreldra. Í fundarboði skal jafnan greina frá efni fundarins.

6.gr. Stjórn foreldrafélagsins getur skipað nefndir um sérstök afmörkuð verkefni. Stjórnin skal bera ábyrgð á störfum slíkra nefnda.

7.gr. Stjórn foreldrafélagsins skal koma saman eigi sjaldnar en þrisvar á hverju skólaári og oftar ef þurfa þykir. Fyrsti fundur skal haldinn í upphafi hvers skólaárs. Þar skulu rædd mál sem varða markmið og starf foreldrafélagsins og starf foreldra í einstökum kjörnum.

8.gr. Stjórn félagsins er heimilt að óska eftir því að foreldrar greiði mánaðarlegt framlag til félagsins. Skal foreldrum kynnt þessi gjaldtaka og leitast eftir því að innheimta gjaldið jafnhliða gjöldum sem skólinn innheimtir beint. Fjárhæð gjaldsins skal ákveðin á aðalfundi félagsins.

9. gr. Ákvörðun um slit félagsins verður tekin með einföldum meirihluta á stjórnarfundi. Skulu þá allar eignir félagsins renna til skólans.

10.gr. Lögum þessum má breyta með einföldum meirihluta á aðalfundi félagsins, enda sé lagabreytinga réttilega getið í fundarboði aðalfundar, bæði að efni og innihaldi.

11.gr. Lög þessi taka gildi frá og með 20. september 2010.

Í [aðalnámskrá grunnskóla](#) **kafla 14.2** má sjá frekari upplýsingar um hlutverk og skyldur foreldrafélaga.

11.3. Nöfn og netföng stjórnar foreldrafélags

Signý Leifsdóttir – signyl@gmail.com

Rannveig Ágústa Guðjónsdóttir – rag43@hi.is

Katrín Erla G. Gunnarsdóttir – katrinerlareinar@gmail.com

Ninja Ómarsdóttir – nio@optional.is

11.4. Kynning, lög og starfsreglur

Sjá lið að ofan um foreldrafélag.

11.5. Verkefnaskrá

Viðburðir á vegum foreldrafélagsins eru meðal annars:

- Halloween skemmtun fyrir foreldra og börn.
- Fyrirlestur fyrir foreldra á haustönn.
- Bingó að vori.
- Vorhátíð að loknum skólaslitum.

Þá hefur foreldrafélagið komið að viðræðum við Reykjavíkurborg þar sem unnið er að lausn á framtíð Barnaskólans.

11.6. Bekkjarfulltrúar og bekkjarstarf

Á fundi með foreldrum eru valdir tveir eða fleiri kjarnafultrúar foreldra í hverjum bekk. Hlutverk kjarnafultrúa er að halda utan um og koma að skipulagningu bekkjarstarfs með það að markmiði að styrkja samskipti og vináttu innan bekkjardeilda ásamt því að styrkja samband á milli foreldra í hópnum. Kjarnafultrúar og umsjónarkennarar eru í virku og góðu sambandi.

Hlutverk kjarnafultrúa er að vera tengiliðir og verkstjórar, þau:

- taka þátt í starfi foreldrafélagsins og virkja aðra foreldra til samstarfs
- skipuleggja bekkjarskemmtun utan skólatíma til að nemendur og foreldrar hittist
- skipuleggja vinkonu- og vinnuhópa
- skipuleggja heimsóknir foreldra í bekki einu sinni á skólaári í samráði við kennara
- skapa vettvang fyrir foreldra til að hittast og kynnast
- mæta á aðalfund foreldrafélagsins sem haldinn er í byrjun skólaárs

11.7. Nöfn og netföng kjarnafultrúa

6 ára stúlnakjarni

Víðir Guðmundsson viddipopp@gmail.com
Unnur Mjöll Leifsdóttir unnur.leifsdottir@gmail.com
Helga Rún Runólfsdóttir helgarun@gmail.com

6 ára drengjakjarni

Helga Rún Runólfsdóttir helgarun@gmail.com
Rannveig Ágústa Guðjónsdóttir rag43@hi.is

7 ára stúlnakjarni

Fannar fannara@gmail.com
Þorbjörg tobbasandra@gmail.com
Steingrímur steingrimur.gauti@gmail.com
Hjördís hjordis08@gmail.com
Snorri snorrisg@me.com
Marín marinmadsen@gmail.com

7 ára drengjakjarni

Guðbjörg gudbjorge@gmail.com),
Helga Gvuðrún helgagvudrun@gmail.com)
Katrín keyjolfsdottir@gmail.com).

8 ára stúlnakjarni

-

8 ára drengjakjarni

Marta traustadottir@gmail.com
Nana nanafinns@gmail.com

9 ára stúlknakjarni

- Bára Ragnhildardóttir bara@play.is
- Richard Ottó O´Brein richard@play.is
- Sigurður Unnar Birgisson sigurdur.unnar@gmail.com

9 ára drengjakjarni

Ninja Ómarsdóttir nio@optional.is
Ingibjörg Pétursdóttir imbarafnar@gmail.com

10 ára stúlknakjarni

10 – 12 ára drengjakjarni

- Eygló Árnadóttir ea@fa.is

11 ára stúlknakjarni

12 ára stúlknakjarni

- Jóra jorajo@gmail.com
- Katrín Erla G. Einarsdóttir katrinerlaeina@gmail.com

11.8. Viðburðir á vegum bekkjarfulltrúa og foreldrafélags

Viðburðir á vegum foreldrafélagsins eru meðal annars:

- Kjarnakvöld
- Jólaföndur fyrir foreldra og börn
- Fyrirlestur fyrir foreldra
- Bingó að vori
- Vorhátíð að loknum skólaslitum
- Halloween skemmtun fyrir foreldra og börn

12. Nemendafélag Barnaskólans

Í lögum um grunnskóla, [91/2008](#), segir í 10. gr. um starfsemi nemendafélaga við grunnskóla:

Við grunnskóla skal starfa nemendafélag og er skólastjóri ábyrgur fyrir stofnun þess. Nemendafélag vinnur m.a. að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum nemenda og skal skólastjóri sjá til þess að félagið fái aðstoð eftir þörfum. Nemendafélag hvers skóla setur sér starfsreglur, m.a. um

kosningu í stjórn félagsins og kosningu fulltrúa í skólaráð skv. 2. mgr. 8. gr.

12.1. Stjórn nemendafélagsins veturinn 2024-2025

Í nemendaráði eru tólf ára börn skólans. Þau eru 19 talsins og hlutverk þeirra er að vinna og fjalla um þau mál er varða hagsmuni nemenda. Nemendur koma fram með hugmyndir að nýjungum eða tillögur um breytingar í skólastarfinu sem þau síðan vísa til skólastýru eða kennara, það fer eftir eðli erindis þeirra. Nemendur í nemendaráði ganga á milli kjarna og tala við aðra nemendur skólans til að tryggja lýðræðisleg áhrif nemenda á starfsemi skólans. Nemendafélag skólans heitir 5-an og þar eru unnið jafnt og þétt að jafnréttismálum, matarmálum, húsnæðis- og umhverfismálum og öðru sem viðkemur málefnum nemenda.

12.2. Viðburðir og hefðir í félagsstarfi

Alla föstudaga eru haldnir söngfundir og taka börnin þátt í því og jólasöngfundir eru á síðasta kennsludegi fyrir jólafrí. Foreldramorgnar 2x á ári sem börnin taka þátt í að skipuleggja. Allir kjarnar skólans eru oft með óvæntar uppákomur eins og tónleika og leiksýningar.

13. Skólamenning

13.1. Skólareglur og skólabragur

Grundvöllurinn að góðu skólastarfi er sá að hvert og eitt okkar virði sjálft sig og aðra. Mikilvægt er að öll í skólastarfinu hafi tækifæri til að stunda vinnu sína án truflunar og áreitiss annarra. Í Aðalnámskrá grunnskóla segir í kaflanum um skólabrag að nemendur þurfa að tileinka sér í daglegu lífi ýmsa þætti til þess að vera virkir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi þ.á.m. samskiptahæfni, virðingu, umburðarlyndi auk skilnings á uppbyggingu lýðræðislegs þjóðfélags. Nemendur þurfa að læra að umgangast hvert annað og allt starfsfólk skóla í sátt og samlyndi og taka ábyrgð á eigin framkomu og hegðun og virða skólareglur. Leggja þarf áherslu á námsaga og sjálfsgaga nemenda. Til þess að svo megi verða ber starfsfólki skóla í hvívetna að stuðla að góðum starfsanda og gagnkvæmri virðingu allra í skólanum í samstarfi við nemendur, foreldra og starfsfólk. Efla skal félagsfærni nemenda með því að skapa þeim tækifæri til virkrar þátttöku í skólastarfi. Jákvæður skólabragur er í eðli sínu forvarnarstarf og getur dregið úr neikvæðum samskiptum, s.s. einelti og öðru ofbeldi.

Starfsfólk, nemendur og foreldrar skulu kynna sér skólareglur skólans en ítarlegar upplýsingar um skólareglurnar má sjá á heimasíðu. Skólareglur skólans eru endurskoðaðar á hverju ári. Þær eru kynntar foreldrum á kynningarfundum ásamt því að umsjónarkennarar fara yfir þær með nemendum sínum við upphaf skólaárs.

Skólareglur eru unnar með hliðsjón af og í samræmi við [14. grein laga um grunnskóla nr. 91/2008](#) og [reglugerð nr. 1040/2011](#) um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í

grunnskólum og [verklagsreglur Reykjavíkurborgar um þjónustu við grunnskólanema með fjölþættan vanda](#)

Samband íslenskra sveitarfélaga hefur tekið saman almenn viðmið um skólareglur í grunnskólum sem sjá má [hér](#).

Barnaskólinn skiptir starfinu sínu upp í lotur. Fyrsta lotan er agalotan og eru lotulyklar; virðing, hegðun, kurteisi og framkoma. Löngum er haft á orði að þetta sé mikilvægasta lotan í þeim skilningi að hún er nauðsynlegur undanfari alls annars í námskránni okkar og jafnvel í öllu skólastarfinu. Börnin þurfa að læra á umhverfi sitt, helstu hegðunareglur og læra góðan samskiptamáta við önnur börn til þess að starf vetrarins geti verið friðsælt, árangursríkt og ánægjulegt. Langstærstur hluti þess aga sem Hjallastefnan viðhefur í skólum sínum er fyrirbyggjandi. Til dæmis eru R-reglurnar í hávegum hafðar í Hjallastefnustarfi; **röð, regla og rúttína** í fyrirrúmi á öllum sviðum. Þaulhugsuð dagskrá og einfaldleiki í öllu skipulagi. Þjálfun í kurteisi og mannsiðum, æfing í að heilsast og kveðjast, borðsiðir og umgengni um fataklefa eru raunveruleikatengd verkefni í þessari lotu. Framkomuhæfni í kynjablöndun þarf að æfa sérstaklega og tölum við gjarnan um hegðunarfræði.

Hjallastefnan byggir á því að gengið sé um nánasta umhverfið af virðingu þar sem virðing fyrir einstaklingnum er í hávegum höfð. Lögð er áhersla á háttvísi og kurteisi með markvissum agaæfingum. Skólareglur eru einfaldar og fáar og settar í samvinnu við börnin sjálf í byrjun hvers skólaárs. Mæting barna er skráð af kennurnum og fylgt eftir af kennara og/eða skólastýru. Kennari heldur utan um stundvísi barnahóps síns. Skólastýra kemur að máli þar sem á við og þegar þurfa þykir.

Í kynjanámskrá Hjallastefnunnar er kveðið á hvernig skuli haga sér í skólastarfinu.

Úr Handbók Hjallastefnunnar:

Yfirheiti	Lotulyklar
Agi	Virðing, hegðun, kurteisi, framkoma
Sjálfstæði	Sjálfstyrking, sjálfstraust, öryggi, tjáning
Samskipti	Umburðarlyndi, hjálpsemi, vísýni, samstaða
Jákvæðni	Félagsskapur, umhyggja, nálægð, kærleikur
Áræðni	Kjarkur, kraftur, virkni, frumkvæði

Skólinn byrjar stundvíslega klukkan 9:00 og 8:45 hjá miðstigi.

Nemendur og kennarar klæðast skólafötum í skólanum.

Við berum virðingu fyrir okkur sjálfum og öðrum.

Við berum virðingu fyrir og hugum að umhverfi okkar.

13.2. Stefna í agamálum

Sjá kafla að ofan um skólareglur og skólabrag, auk:

- Kynjanámskrá Hjallastefnunnar: <https://www.hjalli.is/kynjanamskra/>
- Meginreglur Hjallastefnunnar: <https://www.hjalli.is/meginreglur/>
- Stoðirnar þrjár : https://www.hjalli.is/stodirnar_thrjar/

13.3. Viðurlög við brotum á skólareglum

Ekki eru viðurlög við brotum á þeim reglum önnur en þau að þá er börnum leiðbeint og þeim kennt að æfa æskilega hegðun. Ef ekki gengur að aðstoða barn í skólastarfinu er haft samband við foreldra og þeim gert viðvart um hegðun og unnið er í sameiningu að bættri hegðun. Lagt er upp með skýr skilaboð og einfaldar samskiptareglur.

Reykjavíkurborg hefur mótað verklagsreglur varðandi þjónustu við grunnskólanema með fjölþættan vanda og má sjá [hér](#).

Markmið þessara verklagsreglna er að:

- Benda á ábyrgð einstakra stofnana Reykjavíkurborgar við vinnslu mála þar sem vandi nemenda er alvarlegur og fjölþættur.
- Skapa vinnulag sem tryggir skilvirka samvinnu stofnana þannig að hlutverk aðila séu skýr og markmið skilgreind.

Ef nemandi brýtur alvarlega af sér samkvæmt skólareglum viðkomandi skóla og viðurlög við brotinu eru brottvísun úr skóla um stundarsakir eða ótímabundið, sbr. 14. gr. laga um grunnskóla, nr. 91/2008 og í reglugerð um ábyrgð og skyldur skólasamfélagsins í grunnskólum nr. 1040/2011. Samband íslenskra sveitarfélaga hefur gefið út verklag vegna tímabundinnar brottvísunar úr grunnskóla sem má sjá [hér](#) og byggir Reykjavíkurborg verklag sitt á þeim og er vísað í þær að ofan.

14. Hagnýtar upplýsingar um skólastarfið

Allar upplýsingar um skólann og skólastarfið er að finna á heimasíðu skólans þ.m.t. upplýsingar um kynningar á skólastarfinu fyrir nýnema, foreldrafundir og aðrir mikilvægir þættir fyrir skólastarfið auk áætlana.

Opnunartími skólans: kl. 7:45 – 16:30

Sími skólans: 555-7910

Netfang skólans: barnaskolinnrvk@hjalli.is

Heimasíða skólans: <http://bskrvk.hjalli.is>

Forfallatilkynningar (veikindi, leyfi): Tilkynningar fara fram í gegnum sími skólans eða netfang.

14.1. Bókasafn/Tölvuver

Bókasafn er ekki í skólanum en nemendur og kennarar nýta sér Borgarbókasafnið og fer hver hópur vikulega þangað. Fartölvuvagn er á til afnota fyrir kjarna og hafa öll börn á miðstigi afnot chrome book tölvu. Kennarar eru ábyrgir fyrir notkun þeirra.

Börn sem eru með farsíma geyma þá hjá kennara á skólatíma.

14.2. Mötuneyti

Nemendur og allt starfsfólk fá heitan málsverð á skólatíma auk morgunverðar, ávaxtastundar og síðdegishressingar í tómsundastarfi. Þau þurfa því ekki að koma með nesti að heiman. Allar máltíðir koma frá fullbúnu mötuneytiseldhúsi sem staðsett er í öðru húsi. Matreiðslumaður stýrir því eldhúsi og er eldhúsið með tilskilin starfsleyfi.

Mikil áhersla er á að allur matur sé matreiddur frá grunni og að öll fæða sé eins hrein og möguleg er. Matráður hugar að samsetningu og næringargildi máltíða og að það sé sniðið að þörfum barna.

Fiskur er á matseðli 2x í viku, kjötmáltíð 1x í viku og grænmetisréttir 2x í viku. Alltaf er ferskt grænmeti með öllum máltíðum. Í nónhressingu er boðið upp á heimabakað súrdeigsbrauð 3x í viku á móti flatkökum og grískri jógúrt með berjum.

Hér má sjá frekari upplýsingar varðandi [mötuneyti í grunnskólum](#).

15. Stoðþjónusta

Stoðþjónusta Barnaskólans starfar í samræmi við lög um grunnskóla, reglugerð um um sérfræðiþjónustu í skólum og nemendur með sérþarfir. Þangað fara öll þau börn sem þurfa námsaðstoð, félagsfærni eða atferlisþjálfun. Sérkennari leiðbeinir *stuðningsfulltrúum* sem starfa undir þeirra leiðsögn við að styðja við nemendur sem það þurfa, námslega eða félagslega. *Atferlisþjálfari* veitir kennurum og foreldrum ráðgjöf vegna barna með hegðunarvandamál.

Sérkennsluráðgjafar sinna ráðgjöf um sérkennslu eða sértæka aðstoð við barn í grunnskóla þar með talið aðstoð við gerð einstaklingsnámskráa. Kennsluráðgjöf felur m.a. í sér ráðgjöf til starfsfólks grunnskóla um kennsluhætti og skólaþróun.

Talmeinafræðingur skólans veitir sérkennara ráðgjöf og situr fundi með foreldrum og fer yfir skipulag og hvað foreldrar geta gert til að þjálfra barnið. Kennarar skila einstaklingsáætlun fyrir hvern nemanda (fylgiskjal, dæmi um einstaklingsáætlun).

15.1. Einstaklingsnámskrá/einstaklingsáætlun og námsver

Í skólanum er námsver, sem ber heitið Gestakjarni. Sérkennarar stýra Gestakjarna. Þangað fara börn til dæmis til að styrkja sig í námstengdum þáttum, fá vinnufrið eða til að fá meira ögrandi verkefni. Tveir sérkennarar starfa á gestakjarna og sinnir annar þeirra atferlisþjálfun. Þau sjá um utanumhald með stuðning inni í kjörnum, einstaklingsþjálfun, félagsfærniþætti og kennslu í námstengdum þáttum. Sérkennarar og kennarar sitja

teymisfundi, skilafundi, vinna að einstaklingsáætlunum og öðru því tengdu, sem fer eftir eðli mála og eftirfylgni. Allt er þetta gert í samvinnu við skólastýru, kennara og sálfræðinga skólans. Ýmist er unnið með börnum inni í kjarnanum þeirra, þeim boðið í hópatíma í gestakjarna eða boðið upp á einstaklingsþjálfun. Eftirfylgni og aðstoð fyrir börnin er samkvæmt lögum um sérkennslu (Reglugerð um sérkennslu).

15.2. Náms- og starfsráðgjöf

Sérkennari skólans sér um námsráðgjöf við nemendur í samstarfi við skólastýrur. Enginn sérstakur námsráðgjafi starfar fyrir skólann en kennarar sinna allri aðstoð vel, og það er vel hægt þar sem hóparstærðir eru litlar.

15.3. Farsæld barna – Innleiðing nýrra farsældarlaga

Ný lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna tóku gildi 1. janúar 2022. Markmiðið laganna er að tryggja að börn og forsjáraðilar fái rétta aðstoð, á réttum tíma, frá réttum aðilum, því öll börn á Íslandi eiga rétt á þeirri þjónustu sem þau þurfa þegar á þarf að halda. Í gegnum tíðina hefur reynst fjölskyldum flókið að fá aðstoð við hæfi og vita hvert eigi að leita eftir henni. Nýju laganna er að ráða bót þar á.

Í Barnaskóla Hjallastefnunnar í Reykjavík höfum við ætíð starfað eftir meginreglu 1. sem er “börn og foreldrar” þar sem segir skýrt: að okkar sé að virða og viðurkenna ólíkar þarfir aldurshópa, kynja og einstaklinga. Skólanum ber einnig að virða valfrelsi og ólíkan áhuga barna og hlúa á víðfeðman hátt að velgengni allra.

Eins segir: “Öll börn eru sérþarfabörn – en þurfi barn sérstaka aðstoð eða sérstök úrræði vegna þroskastöðu, hegðunar eða aðstæðna sinna að öðru leyti, metur skólinn með foreldrum hvernig staðið skuli að slíkri aðstoð. Engin ein leið er rétt, heldur ráða þarfir barnsins ferðinni samkvæmt mati þeirra sérfræðinga sem að málinu koma og úrslitavaldið er hjá foreldrum.”

Þannig mætti færa rök fyrir því að Hjallastefnan hafi verið búin að taka stór skref í þágu farsældar barna fyrir hartnær 30 árum, en með löggjöfinni ættum við að vera enn lengra komin hvað varðar samstarf við aðra sérfræðinga og fagfólk sem starfa með börnum og ungmennum. Þröskuldum á að fækka.

15.4. Tengiliður farsældar

Fjölskyldum og börnum sem þurfa snemmtækan stuðning er tryggður aðgangur að tengilið í nærumhverfi barnsins, svo sem í leikskóla eða grunnskóla. Tengiliður veitir upplýsingar og leiðbeiningar um þjónustu og stuðlar að því að börn og forsjáraðilar hafi aðgang að þjónustu án hindrana. Til að óska eftir samþættri þjónustu geta börn, ungmenni og forsjáraðilar haft samband við tengilið skólans.

Tengiliður Barnaskóla Hjallastefnunnar í Reykjavík eru: Júlía Heiða Ocares og Linda Björk Sigmundsdóttir.

Nánari upplýsingar um lögin og þjónustuna eru á heimasíðunni <https://www.farsaeldbarna.is>.

Hér má svo sjá **myndbönd** til skýringar:

- [Farsæld barna, farsældarlögin](#)
- [Almenn kynning](#)
- [Stigskipting þjónustu](#)
- [Tengiliður](#)
- [Málstjóri, stuðningsteymi og stuðningsáætlun](#)

15.5. Þjónustumiðstöð

Barnaskólinn er í mjög góðu samstarfi við Vesturmiðstöð sem er þjónustumiðstöð hverfisins og aðrar stofnanir eftir því hvaða verkefni liggja fyrir. Þar má nefna stofnanir eins og Barnavernd, Raddlist ehf. og fleira. Kennsluráðgjafi frá Þjónustumiðstöð situr alla lausnateymis og sálfræðingur nemendaverndarráðsfundi og oft er kallað eftir aðstoð frá þeim ráðgjafa í tengslum við nemendur. Vesturmiðstöð kemur að kennslu- og hegðunarráðgjöf og frumgreiningum nemenda.

Markmiðið með stofnun þjónustumiðstöðvanna er að gera þjónustu borgarinnar aðgengilegri fyrir íbúa og efla þverfaglegt samstarf sérfræðinga í málefnum barna og fjölskyldna og auka þannig lífsgæðin í höfuðborginni.

<https://reykjavik.is/stadir/thjonustumidstod-vesturbaejar-midborgar-og-hlida>

15.6. Skólaheilsugæsla/viðvera hjúkrunarfræðings

Skólaheilsugæsla er fyrir hendi skv. 41. gr. grunnskólalaga og er leitað til Heilsugæslustöðvar hverfisins. Skólahjúkrunarfræðingur er með viðveru í skólanum einu sinni í viku fyrir hádegi á fimmtudögum og sér hann um skólaheilsugæslu, mælingar, skoðanir og fræðslu. Ef upp kemur slys eða óhapp í skólanum er brugðist við því með tilliti til alvarleika þess og aðstæðna hverju sinni. Slysavarnir eru góðar þar sem húsnæðinu hefur nýlega verið breytt í skólahúsnæði og uppfyllir ríkulegar öryggiskröfur. Öryggi barna er ávallt í fyrirrúmi og leitast kennarar við að fyrirbyggja að óhöpp eigi sér stað en eins og alls staðar gera slysin ekki boð á undan sér. Mikilvægt er að allt starfsfólk sé viðbúið og reglulega eru haldin skyndihjálparnámskeið. Slysaskráningar eru markvissar í skólanum.

Hjúkrunarfræðingur skólans: Hafdís Ósk Baldursdóttir

Viðverutími hjúkrunarfræðings í skólanum: þriðjudagar og fimmtudagar kl. 9:00 – 14.00

Skólaheilsugæslan er framhald af ung- og smábarnavernd og sér um fræðslu, reglubundnar skoðanir og bólusetningar. Hægt er að ná sambandi við

skólahjúkrunarfræðing á Heilsugæslu Hlíðasvæðis í síma 5135900 eða á hjallastefnuskoli.reykjavik.is@heilsugaeslan.is

15.7. Heildaráætlun um stuðning í námi og kennslu

[Hér](#) má finna heildaráætlun Barnaskóla Hjallastefnunnar í Reykjavík um sérstakan stuðning við nemendur.

15.8. Sérfræðipjónusta

Ef kennari óskar eftir því að barn sé athugað með einhverjum hætti er slíkt borið undir skólastýrur og viðkomandi foreldra/forráðamenn. Foreldrar/forráðamenn skrifa undir beiðni sem heimila þær athuganir sem óskað er eftir hverju sinni.

15.8.1. Sérkennsla

Sérkennarar halda utan um öll sérkennslugögn. Sérkennsla og sérstuðningur sbr. 17. gr. laga um grunnskóla er fyrir hendi fyrir börn, sem eiga erfitt með nám sökum námsörðugleika, tilfinningalegra eða félagslegra örðugleika og/eða fötlunar, sbr. lög um skóla.

Sérkennslustýra skólans eru Júlía Heiða Ocares og sér hún um atferlisþjálfun, ráðgjöf og almennt utanumhald sérkennslu. Benedikta Birgisdóttir og Unnur María Guðmundsdóttir sjá um námslega aðstoð við nemendur sem þurfa á aðstoð að halda. Allar greiningar og ráðgjöf eru í umsjón Barnaskólans, þ.e. skólastýrur og sérkennslustýru og fara þær fram innan skólans.

15.8.2. Utanaðkomandi sérfræðipjónusta

Skólinn er með starfssamning við Bryndísi Guðmundsdóttur talmeinafræðing varðandi greiningar sem varða tal-og málþroska. Einnig er skólinn í samstarfi við sérfræðing í lesskimun/LOGOS prófum sem prófar börn í skólanum og tekur aukalega börn í frekari greiningu ef grunur um lesblindu/lesörðugleika er að ræða.

Hjallastefnan er í samstarfi við Sálstofuna í Kópavogi og sjá sálfræðingar stofunnar um greiningar og þroskamat sem gera þarf. Kennarar vísa nemendum til sálfræðings í samráði við foreldra með formlegri tilvísun. Foreldrar geta þó einnig leitað aðstoðar að eigin frumkvæði. Allar tilvísanir og beiðnir um aðstoð eru kynntar og ræddar á fundum nemendaverndarráðs sem forgangsraðar verkefnum. Rétt er að benda foreldrum á að mikilvægt er að taka mál til meðferðar áður en þau verða of stór.

Hjallastefnan er í samstarfi við Sálstofuna í Kópavogi og sjá sálfræðingar stofunnar um greiningar og þroskamat sem gera þarf.

15.8.3. Þroskaþjálfí

Ekki er starfandi þroskaþjálfí í Barnaskólanum.

15.8.4. Iðjupjálfi

Ekki er starfandi Iðjupjálfi í Barnaskólanum.

15.9. Sérúrræði

Eins og fram hefur komið er Barnaskólinn með sérkennslukjarna sem kallaður er Gestakjarni. Þangað geta börn farið til að styrkja sig í námstengdum þáttum, t.d. til að lesa.

Reglugerð um nemendur með sérþarfir í grunnskóla, [smellið hér](#).

Reglugerð um sérfræðipjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum, [smellið hér](#).

16. Nemendaverndarráð

Nemendaverndarráð er í Barnaskólanum sem starfar samkvæmt reglugerð um nemendaverndarráð. Í ráðinu er skólastýrur, fulltrúi þjónustusviðs Reykjavíkurborgar, sérkennslustýra og skólahjúkrunarfræðingur. Nemendaverndarráð fundar á sex vikna fresti. Fundir eru færðir til bókar.

Hlutverk nemendaverndarráðs er að fjalla um sérstök úrræði varðandi einstaka nemendur sem kennarar hafa þá vísað til ráðsins. Það getur verið nemandi sem þarf á sérstakri aðstoð að halda að mati umsjónarkennara, vegna námsörðugleika, sjúkdóms, félagslegra eða tilfinningalegra erfiðleika. Ef máli þarf að vísa áfram til barnaverndar eða kalla foreldra til fundar þá er það gert með milligöngu skólastýra. Þá fylgja skólastýrur málinu eftir og gefur nemendaverndarráði upplýsingar um það við.

16.1. Hlutverk

Hlutverk nemendaverndarráðs er að samræma skipulag og framkvæmd þjónustu við nemendur varðandi skólaheilsugæslu, náms- og starfsráðgjöf, sérfræðipjónustu auk þess að vera skólastýrum til aðstoðar um framkvæmd áætlana um sérstaka aðstoð við nemendur. Nemendaverndarráð fjallar um sérstök úrræði fyrir einstaka nemendur eða nemendahópa sem lögð hafa verið fyrir ráðið. Ráðið metur hvaða viðbótarupplýsinga er þörf og boðar á sinn fund umsjónarkennara og foreldra svo og aðra aðila sem tengjast málinu ef þörf krefur. Fulltrúar í nemendaverndarráði geta haft frumkvæði að því að mál einstakra nemenda séu tekin upp í ráðinu. Ávallt skal vísa málum til ráðsins með formlegum hætti. Starfsfólk skóla, foreldrar, nemendur og fulltrúar sérfræðipjónustu skólans geta óskað eftir því við skólastýrur eða fulltrúa þeirra í nemendaverndarráði að mál einstakra nemenda eða nemendahópa verði tekin fyrir í ráðinu.

16.2. Starfsreglur

Ávallt skal upplýsa foreldra um að máli barna þeirra sé formlega vísað til skólastýra, nemendaverndarráðs eða lausnateymis og leita eftir samstarfi við foreldra um lausn mála eftir því sem framast er kostur. Má gera það með tölvupósti eða bréflaga.

Fulltrúar nemendaverndarráðs og lausnateymis geta fundað með óformlegum hætti til að ræða um hvort taka skuli einstaka mál fyrir formlega. Telji nefndarmenn ástæðu til að fjalla á formlegan hátt um einstaka mál skal vísa málinu til ráðsins eftir þeim verklagsreglum sem að framan eru taldar.

Að öðru leyti vísast í [lög og reglugerðir](#) sem snerta starfsemi nemendaverndarráðs.

17. Tómstundarstarf

Boðið er upp á síðdegisstarf eftir skóla frá kl.14.30 – 16.30. Þar eru börn í starfi inni á kjörnum með kennurum eða leiðbeinendum. Þau fá nónhressingu og geta valið sér ýmis viðfangsefni. Sérstök námskeið innan síðdegisstarfsins eru í boði og geta foreldrar keypt börn sín inn í þau hverju sinni. Það hefur verið boðið upp á námskeið í myndlist, leiklist, frönsku, tæknilegí og ýmiskonar hljóðfæranám.

18. Ýmsar áætlanir og reglur

<https://bskrvk.hjalli.is/Aaetlanir>

18.1. Útgefið efni frá Hjallastefnunni

Á heimasíðu Hjallastefnunnar má finna allt sem hefur verið gefið út á vegum Hjallastefnunnar sem og ýmsan fróðleik <https://hjallastefnan.is>

18.2. Eineltisáætlun

[Hér](#) má finna eineltisáætlun Barnaskólans.

18.3. Símenntunaráætlun

Hér má finna símenntunaráætlun Barnaskólans.

18.4. Rýmingaráætlun

[Hér](#) má finna rýmingaráætlun Barnaskólans.

18.5. Viðbragðsáætlun Almanna- og Almannavarna

Viðbragðsáætlanir Almanna- og Almannavarna gegn ýmiss konar vá eins og t.d. jarðskjálfum, eldumbrotum og inflúensu má finna á heimsíðu Almanna- og Almannavarna.

<https://www.almannavarnir.is/forvarnir-og-fraedsla/vidbragdsaaetlanir/>

18.6. Reglur um kynningar, auglýsingar og gjafir í skóla- og frístundastarfi

Reglurnar gilda um kynningar, auglýsingar og gjafir í skóla- og frístundastarfi Reykjavíkurborgar.

Markmið reglnanna er að vernda börn gegn auglýsingum og markaðssókn í skóla- og frístundastarfi, [smellið hér](#).

18.7. Tilfærsluáætlun

Á ekki við.

18.8. Upplýsingar um tryggingar vegna slysa og óhappa

Reglur þessar taka til endurgreiðslu kostnaðar vegna slysa og tjóna er börn 18 ára og yngri verða fyrir í skipulögðu starfi á vegum Reykjavíkurborgar, [smellið hér](#).

18.9. Þróunarverkefni

Árið 2019 fór Barnaskólinn af stað með kennslu á miðstigi. Það hefur verið þróunarverkefni undanfarin þrjú ár.

18.10. Umbótaáætlun

[Hér](#) má finna umbótaáætlun Barnaskólans.

18.11. Röskun á skólastarfi – Viðbrögð við óveðri

Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins (SHS) hefur verið falið af sveitarfélögunum á svæðinu að fylgjast með veðri og veðurspám og senda út tilkynningar ef á þarf að halda, eftir atvikum í samráði við lögreglu og fræðslufirvöld.

18.12. Móttökuáætlun vegna barna með íslensku sem annað tungumál

Móttökuáætlun Barnaskóla Hjallastefnunnar í Reykjavík má finna [hér](#).

18.13. Læsisstefna

Hljóðaaðferð er sú kennsluaðferð sem er í forgrunni í öllum skólum Hjallastefnunnar. Börn nema á misjafnan hátt og því er mikilvægt að kennarar nýti sér fjölbreytta kennsluhætti. Kennarar koma til móts við einstaklingsþarfir barna og skipuleggja hópatíma sem og stuðning út frá niðurstöðum skimana.

Færni í lestri er grundvallarundirstaða fyrir nám og starf. Hjallastefnan hefur og mun ávallt leggja áherslu á lestrarkennslu. Þjálfun er markviss og þegar grunntækni og færni hefur verið náð er lestri haldið við til að viðhalda þeirri færni sem náðst hefur. Fylgst er náið með framförum hvers barns með skimunum og hraðlestrarprófum jafnt og þétt yfir veturinn.

Lesfimi viðmið eru sýnileg bæði kennurum og foreldrum. Skimanir eru lagðar markvisst fyrir jafnt og þétt yfir veturinn. Foreldrar fá upplýsingar um niðurstöður og tillögur að íhlutun þar sem það á við. Hafa ber í huga að læsispróun er tengd aldri og þroska en um leið og barn sýnir verulega slakan árangur er því fylgt eftir með þjálfun í grunnþáttum lestrar.

Á 5 ára kjörnum hefst lestrarnám barnanna en þar er byrjað að vinna með stafi og hljóð. Markviss hljóðgreiningarvinna er stór partur af starfinu þar sem börn þjálfast í að ríma, klappa takt í orðum, finna hljóð inni í orðum, æfast í hlustun ásamt fleiri verkefnum. Góð hljóðgreining er grunnur þess að ná tökum á lestri.

Stuðningur foreldra/forráðafólks við lestrarnám barna alla skólagönguna hefur mikil áhrif á hversu vel gengur. Daglegur heimalestur, lestrarhvetjandi umhverfi og góð samskipti geta þar skipt sköpum.

Samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla (2011) er *lestur lykill að öllu námi og því þarf lestrarkennsla og lestrarþjálfun á öllum stigum að vera skýr, fjölbreytt og markviss. Góð lestrarfærni er nauðsynleg til þess að geta tekið þátt í samfélaginu.*

18.14. Móttökuáætlun fyrir nýja nemendur

Móttökuáætlun fyrir nýja nemendur má finna [hér](#).

18.15. Jafnréttisáætlun

Jafnréttisáætlun Barnaskólans má finna [hér](#).

18.16. Áfallaáætlun

Áfallaáætlun Barnaskólans má finna [hér](#).

18.17. Handbók um velferð og öryggi barna í grunnskólum

Handbókin er unnin í samvinnu mennta- og menningarmálaráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga með hliðsjón af reglugerð um gerð og búnað grunnskólahúsnæðis og skólalóða nr. 657/2009. Í reglugerðinni segir að sveitarstjórn skuli útbúa handbók fyrir starfsfólk grunnskóla með leiðbeinandi reglum um öryggi barna og slysavarnir í grunnskólum, [smellið hér](#).